

MONITOR



**FRÍTT
EINTAK**

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD

FRUMSÝND 20. SEPTEMBER



"Ein sú svalasta í ár."

T.V. - Bíóvefurinn/S&H



JoBlo.com



VIN DIESEL

RIDDICK



Á þessum degi árið 1991 fundu þýskir ferðamenn ísmanninn Ötzi en hann var frosinn í jökli og ekki svipur hjá sjóni.



MÆLIR MEÐ...

FYRIR MENNINGARHJARTAD

Þann 20. september er leikritið Harmsaga frumsýnt í Þjóðleikhúsinu. Í verkinu er af innsæi dregin upp mynd af ungum hjónum sem reyna hvað þau geta til að bjarga hjónabandinu sem er að tortíma þeim. Aðalhlutverkin eru í höndum Elmu Stefaniú Ágústsdóttur og Snorra Engilbertssonar en tónlistin í leikritinu er í höndum John Grant svo leikritið ætti að vera ein risavaxin harmþrungin veisla fyrir huga augu og eyru.



FYRIR TÓNEYRAD

Hljósmveitin Kajak hefur svo sannarlega slegið í gegn með laginu „Gold Crowned Eagle“ á útvarpsstöðum landsins. Samkvæmt heimildum Monitor hringja hlustendur æstir inn og vilja vita hvaða erlenda band á þetta frábæra lag en Kajak eru að sjálfsögðu alíslenskt dúó sem er vel þess virði að kynna sér.



BURKNI

Fyrstu sex: 291074.
Uppáhalds tölvuleikur í æsku: Pirates!
Í morgunmat fékk ég mér: Samloku með skinku, osti og eggjum.
Lag sem lýsir lífi mínu þessa stundina: „Shine on You Crazy Diamond“.

„This game is Awesome“

Íslenski tölvuleikurinn **Aaru's Awakening**, hefur vakið athygli stærstu leikjatlövuframleiðenda heims fyrir góða grafík og nýstárlega spilun.

Tölvuleikurinn Aaru's Awakening er hugarsmið þeirra Burkna J. Óskarssonar, Ingbórs H. Hjálmarssonar og Tyrfrings Sigurðssonar en vísir að leiknum varð til í tölvugerðaráfanga í HR. „Við skráðum okkur í keppni hjá IGI (Icelandic Gaming Industry) þar sem við unnum verðlaun fyrir besta tölvuleikinn og í kjölfarið sagði dómnefndin við okkur að leikurinn gæti örugglega náð langt,“ segir Burkni um tildrög þess að þeir félagar stofnuðu fyrirtækið Lumenox Games ásamt teiknararum Ágústi Frey Kristinssyni.

Þróa leikinn fyrir þrjár leikjatlövu

Lumenox Games tók á dögunum þátt í einni stærstu tölvuleikjahátíð heims, Pax Prime, í Seattle. Um 300 tölvuleikjafyrirtæki um allan heim sóttu um að taka þátt en aðeins um tíu ný fyrirtæki voru valin til þátttöku af dómnefnd og var Lumenox Games þeirra á meðal. „Útlitið er auðvitað mjög sérstakt, flestir leikir í dag eru í þrívídd og það vakti mjög mikla athygli að hver einasti bakgrunnur og hver einasti rammi er handteiknaður,“ segir Burkni og bætir því við að þó svo að Lumenox Games séu ekki þeir einu sem nýta sér þessa framleiðsluáferð sé hún einskonar jaðarsport. Stærsti skjá kortaframleiðandi heims, Nvidia, nálgast

strákana á sýningunni vegna leikjatlövu sinnar Shield. „Þeir buðu aðgang að tæknifólki hjá þeim þar sem þeir vilja að leikurinn keyri sem allra best á vélinni en þeir eru sérfræðingar í grafík,“ segir Burkni og kveður þetta tækifæri vera gríðarlega stórt en Lumenox höfðu þá þegar skrifað undir samning um að þróa leikinn fyrir Playstation og Nintendo. „Það stærsta var samt þegar yfirmaður frá Nintendo kom á sýninguna, prófaði leikinn og sagði svo við okkur „This game is awesome!“,“ segir Burkni stoltur.

Skólinn styður við sína

Burkni og Ingbór eru enn í tölvunarfræðinámi í HR samhliða starfi sínu fyrir Lumenox Games og Burkni segir það afar krefjandi en að skólinn hafi reynst þeim vel. „Við fórum í leikjagerðaráfanga og við fengum að taka þetta sem lokaverkefni yfir sumar sem var ekkert sjálfsagt,“ segir Burkni. „Við erum með tvo nemendur sem gera sitt lokaverkefni hjá okkur og við væntum þess að það sem þeir gera rati inn í lokaútgáfuna af leiknum,“ segir Burkni. Aaru's Awakening verður gefinn út í vor og Burkni segir að þeir félagar muni þá snúa sér að frekari tölvuleikagerð. „Það eru nokkrar hugmyndir komnar nú þegar og við hyggjumst kafa vel í þær,“ segir Burkni að endingu.

BLAÐIÐ Í TÖLUM

- 17** ára byrjaði Snorri Helga að spila á gítar.
- 8** hráefni eru sexý súpunni á síðu 6.
- 76,3** kíló voru keppendur í Herra Ísland 1989 að meðalþyngd.
- 2** þúsund krónur kostar leðurpilsíð á síðu 16.

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjórn: Anna Marsibil Clausen (annamarsy@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)
Bláðamenn: Hersir Aron Ólafsson (hersir@monitor.is), Rósa María Árnadóttir (rosamaria@monitor.is), **Umbrot:** Monitorstaðir **Auglýsingar:** Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Gollí (gollí@mbl.is) **Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson í **fæðingarorlofi:** Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is), Lís Hafliðadóttir (lisa@monitor.is)
Útgefandi: Árvakur
Prentun: Landsprent **Sími:** 569 1136

ÞA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST

#virkuríathugasemdum

Sælínú! Þú hefur í höndum þér stútfullt blað af tísku, matseld og annari speki og greinum. Ég vil sérstaklega vekja athygli þína á viðtölum blaðsins við tvær gerólikar ungar konur á blaðsíðu 11 og blaðsíðu 20.

Önnur þessara stúlkna er fegurðardrottning, hin er islamstrúar. Tanja ýr sprangaði um á bikiní fyrir fullum sal á Broadway á laugardaginn var en Nazima Kristín gæti vel hugsað sér að ganga með blæju í framtíðinni. Svo hvað sameinar þær?

Báðar stúlkur hafa beint eða óbeint orðið fyrir aðkasti kommentakerfismenningarinnar sem grasserar í netheiminum. Fólk gagnrýnir þar hispurslaust konur sem ganga með blæjur og konur sem taka þátt í fegurðarsamkeppnum og það jafnvel undir merkjum feminisma og þar bykir mér skjóta skökku við.

Ég er ekki sammála öllum gildum þessarra ungu stúlkna og í samtölum mínum við þær ræddum við opinskátt um ólíkar skoðanir okkar. Hinsvegar eru þær báðar sjálfstæðar ungar konur sem eru fullfærar um að taka ákvarðanir um eigin líkama og það er ekki mitt eða nokkurs manns að segja þeim fyrir verkum í þeim efnum.

Netreiði er hættulegur hlutur sem særir og brýtur fólk niður. Kommentakerfis smjatt og þvaður eru oftast óupplýstustu einræður sem fyrir finnast. Auðvitað eigum við að gagnrýna þau samfélagsgildi sem okkur finnast slæm en gerum það málefnalega. Persónuárásir hjálpa ekki neinum.

Stay classy, Anna Marsý



VIKAN Á FACEBOOK




Orri Huginn
Á 6. síðu Fréttablaðsins kemur fram í lítilli frétt að 72% vilji flugvöllinn burt, fréttin segir líka að 71,8% vilji flugvöllinn áfram í Vatnsmyrinni. Spes. 17. september kl. 09:54



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
í dagbókum lögreglunnar gætir ýmissa

grasa. Á dögunum fékk lögreglan aðstoðarbeiðni frá manni einum um miðja nótt. Maðurinn kvartaði undan því að dyrbjöllur á heimili hans hafi verið hringt stanslaust í um hálf tíma, en þar sem maðurinn þekkti ekki gestina vildi hann óska eftir aðstoð lögreglu við að losna við þetta áreiti. Allt átti þetta sér eðlilegar skýringar, en þegar lögregla kom á vettvang var þar þar sem hafði á undir skyggni við umrætt hús og átt þar dulitinn ástarfund. Þannig stóð á að í mestu atlotunum höfðu þau legið utan í dyrbjöllunni með fyrrgreindum afleiðingum. Þarið fór á brott að víttali loknu en ekki frekari rannsókn fór fram á atvikinu. Góða helgi! 13. september 15:26



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir

Ég þoli fátt minna en að vera veik, en það birti þó nokkuð vel til þegar ég fékk sms í dag frá ókunnugu númeri og í því stóð: „Ég villbirja-meternuna Hríndu“ Það vaðfíst aðeins fyrir mér hvernig ég ætti að svara þessu því ekki var þetta spurning, svo ég sagði bara „ok“. Það gæti verið að ég væri núna á föstu... 15. september kl. 18:51

www.facebook.com/monitorbladid

„Það flugu einhverjar flöskur upp á sviðið“

Snorri Helgason ræddi við **Monitor** um nýjustu plötu sína, *Hljómsveitina Snorra Helgason og óþægilega tónleika á Þjóðhátíð í Eyjum*.



SNORRI

Fyrstu sex: 010684

Besti tónlistarmaður

í heimi: Gummi, Silla,

Maggi, Danni og Daði.

Hversu skrytinn ert þú á

skalanum 8-19: Svona 13

Morgunmat: Egg og

beikon og kaffi.

Skemmtilegasti hljóms-

sveitarmeðlimur: Allir.

Hverjar eru áherslurnar á nýju plötunni? Eru miklar breytingar frá fyrra efni sem þú hefur verið að gera?

Helsta breytingin er sú að þetta er fyrsta platan með Hljómsveitinni Snorri Helgason. Þetta er ekki bara sólóplata hjá mér heldur er þetta orðin svona fjögurra til sex manna hljómsveit í kringum þetta og ég vann plötuna alveg frá grunni með henni.

Hverjir eru í hljómsveitinni og hvernig varð hún til?

Í hljómsveitinni eru Sigurlaug Gísladóttir sem syngur og spilar á gítar, Magnús Tryggvason Eliassen trommuleikari, Guðmundur Óskar bassaleikari, Daníel Friðrik Böðvarsson gítarleikari og Daði Birgisson hljómborðsleikari. Þetta er í raun og veru sami hópur og er búinn að vera að spila með mér síðastliðin tvö ár. Þegar við byrjuðum að taka plötuna upp í október á síðasta ári ákváðum við síðan að taka bara skrefið til fulls og verða að hljómsveit.

Hvað ert þú búinn að vera að gera í tónlist síðustu ár?

Ég er búinn að gefa út tvær sólóplötur, þá fyrstu 2009 og næstu 2011. Áður hafði ég gefið út tvær plötur með hljómsveitinni Sprengjuhöllin sem ég var í á sínum tíma. Svo er ég bara búinn að vera að spila mjög mikið síðustu ár.

Hvers vegna fórstu úr Sprengjuhöllinni yfir í sólóferil?

Þetta var mjög finni tími með sveitinni en við vorum eiginlega bara búnir með það sem við höfðum fram að færa og það sem við vildum gera. Ég held við höfum allir verið nokkuð sammála um að þetta væri bara komið gott.

Hvort er skemmtilegra að vinna sem sóló-listamaður eða í hljómsveit?

Þegar Sprengjuhöllin hætti langaði mig mjög mikið til þess að gera eitthvað sóló. En núna löngu eftir það þá finnst mér miklu skemmtilegra að vera í bandi. Ég er samt til sem sóló-artisti líka, ég spila hér og þar og „túra“ líka sem slíkur.

Hvenær byrjaðir þú í tónlist af einhverju viti?

Ég byrjaði að spila á gítar sautján ára gamall, en ég hafði ekkert verið í tónlist fram að því. Ég stofnaði síðan fljótlega hljómsveit með vinum mínum úr hverfinu, fór í MH og stofnaði fleiri hljómsveitir. Ég hef síðan verið að spila alveg samfelld síðan þá.

Nú heitir nýja platan þín *Autumn skies* og platan þar á undan *Winter sun, blundar einhver veðurfræðihugi* í þér?

Já reyndar, en það tengist þessu í raun og veru ekki. Þessar plötur eru að vissu leyti gefnar út sem systurplötur. Titillinn kom áður en platan varð til, sem er svolítið óvenjulegt. Þetta varð nokkurs konar vinnutitill og þælingin var bæði hvaða áhrif haustið sem slíkt hefur á mann og líka haustið bara sem tilfinning.

Þú syngur mestmegnis á ensku, hvers vegna er það?

Ég læt það í rauninni ráðast alfarið af tilfinningu. Ég sem textana alveg síðast, lögin koma alltaf fyrst og þegar ég er búinn að vera að spila og leika mér með þau í töluverðan tíma þá þarf ég að fara að þæla í textum. Enskan hljómar allt öðruvísi en íslenskan, stundum passar íslenska við tilfinninguna í laginu en mjög oft finnst mér enskur texti passa betur.

Hvernig er að vera tónlistarmaður á Íslandi? Getur maður haft það gott eða er þetta mikið hark?

Þetta er mjög mikið hark og það eru fáir sem hafa það mjög gott. Maður þarf alltaf að vera að, vinna mikið og gera jafnvel alls konar hluti í tónlistinni sem maður vill ekkert endilega vera að gera. Á móti kemur hins vegar að maður gerir þetta af því maður elskar þetta. Maður á aldrei neinn pening en maður fær að ferðast og gera það sem manni finnst skemmtilegast.

Hefur þú lent í einhverjum myndnum uppákomum í tengslum við tónlistina?

Það var ansi áhugavert þegar Sprengjuhöllin spilaði á Þjóðhátíð í Eyjum áður en platan okkar kom út. Við vorum alveg nýtt band, kunnum varla á hljóðfærin okkar og vorum að spila alveg óþekkt efni fyrir mörg þúsund manns rétt á undan flugeldasýningunni. Það var ótrúlega gaman en viðbrögðin voru reyndar misjöfn, það flugu einhverjar flöskur upp á sviðið og svona.

Þú stefnir þá ekki á að spila á Þjóðhátíð aftur í bráð? (Hlær) Nei, ég býst ekki við því neitt fljótlega allavega.



EVROPSK SAMGÖNGUVIKA Í REYKAJARVÍKURBORG



Reykjavík
PURE ENERGY

KEPPNI FYRIR BYRJENDUR
OG LENGRA KOMNA
SKRÁDU PIG NÚNA! ALLIR
GETA TEKID ÞÁTT

Ljósmynd: Ólafur Ólafsson

SUMARIÐ KEMUR Á LAUGARDAG!

Tjarnar spretturinn 2013

HJÓLREIÐAKEPPNI Á LAUGARDAGINN 21. SEPTEMBER. KL 15:00
Í KRINGUM REYKJARVÍKURTJÖRN RÁSMARK VIÐ IÐNÓ.
SKRÁNINGARFRESTUR TIL MIÐNÆTTIS FÖSTUDAG

Keppendur í B-keppni hjóla kl. 15.00-15.30 (10 hringir karlar/konur)

Keppendur í A-keppni hjól kl. 16.00-16.30 (15 hringir karlar/konur)

Útsláttarfyrikomulag er á keppninni sem þýðir að ef fremsti maður fer framúr
keppanda í sama hring (hringar) er sá sjálfkrafa úr leik

VERÐLAUNAAFHENDING VIÐ IÐNÓ KL 17:00

FRÁBÆR SKEMMTUN ! MÆTUM OG HVETJUM
FREKARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Á



facebook

Tjarnarspretturinn 2013

Súpa sem kveikir á kynhvötinni

Hinn tvítugi **Egill Fannar Halldórsson** er einn af fastapenum **Monitor** og matgæðingur mikill. Egill tók sig til og kenndi **Monitor** að elda kjúklingasúpu sem hann segir vera fulla af kynþokka.

Þegar Egill er beðinn um að lýsa sjálfum sér segist hann vera tvítugur spíttbátur sem elskar að vera til. „Ég er búinn að heyra svo oft að árið eftir menntaskóla sé tíminn til að gera allt sem mann langar, svo ég er búinn að vera í krónísku stresskasti síðan í vor að reyna að gera allt sem mér finnst skemmtilegt.“ Í sumar vann Egill í Seðlabankanum en nú leggur hann stund á starfsnám hjá framleiðslufyrirtækinu Silent auk þess sem hann er barþjónn á Austur, kokkur og þjónn.

„Mér finnst rosalega gaman að fíkta eitthvað í eldhúsinu en ég er alltaf að verða minna og minna duglegur við það. Ég hef unnið við matargerð í mörg ár en í dag er ég farinn að færa mig á önnur mið,“ segir Egill og bætir því við að hann elski að baka kökur en geri það sjaldan þar sem honum þykir vænt um magavöðvana.

Aðspurður segist Egill vera ástríðukokkur enda hafi góður maður kennt honum að mikilvægasta hráefnið þegar kemur að matseld sé ást. Súpuna hér að neðan segir hann einmitt fulla af ást og þess vegna hafi hún hlotið titilinn „Sexí súpa“. „Oft hefur verið haft orð á því að fólk verði einkennilega „turned on“ við að borða súpuna auk þess sem fólk á það til að verða ástfangið af manneskjunni sem það borðar súpuna með,“ segir Egill glettnislega en uppskriftina fékk hann frá matreiðslumanninum Gísla Matthíasi sem starfar á Slippnum í Vestmannaeyjum.

En skyldi þá eldamennskan vera lykillinn að hjarta kvenmannsins? „Nei nei, ég hugsa að það þurfi fleira til að koma við hjartað á einhverjum,“ segir Egill. „Það er samt rosalega skemmtilegt að geta boðið heim í mat.“



Bæti við 3 til 4 bollum af vatni í pottinn ásamt berkinum af einni sítrónu. Ég leyfi því að sjóða þar til kjúklingurinn er reddi (10-15 mín.)



1 Steiki hvítlauk, lauk, kjúkling og timían í potti á lágum hita þar til allt saman verður vel brúnað og sexí.



3 Á meðan kjúklingurinn er að sjóða, saxa ég lauk og sellerírót og steiki á lágum hita í nýjum potti.



4 Þegar kjúklingurinn er reddi og grænmetið orðið mjúkt helli ég súpunni yfir en sigta frá kjúklinginn og allt ævintýrið sem var í þeim potti.



5 Ég beinhreinsa kjúklinginn ef þess þarf og sker hann svo niður í smærri bita og bæti við súpuna.



8 Bon appetit!



7 Að lokum smakka ég súpuna til með salti, pipar og hunangi.



6 Ég var svo búinn að saxa gott búnt af spínati sem ég bæti við súpuna.

EGILL FANNAR

Fyrstu sex: 120393

Í morgunmat fékk ég mér: Ég fæ mér alltaf hafragraut í morgunmat! Þetta eru samt eiginlega bara volgir hafrar en einhverveginn finnst mér þetta alltaf jafn gott.

Lag sem einkennir líf mitt þessa dagana: Það verður að vera spíttbátur heimsins eða herra Pitbull og lagið hans Mr. Worldwide. Það á mjög vel við í dag þar sem ég fer að heimsborgarast í Asíu eftir aðeins sjö daga.

SEXÍ SÚPA

Innihald:

- 1 pakki af kjúklingi
- 1 sellerírót
- 2 laukar
- 3 hvítlauksgeirar
- 1 sítróna
- spínat
- timían

Uppáhaldsveitingastaðurinn minn er: Slippurinn í Vestmannaeyjum er skemmtilegasti veitingastaðurinn á Íslandi í dag! Maturinn, þjónustan og bara það að fara til Vestmannaeyja kemur mér í gott skap.

HREYSTI HÁTÍÐ

til kl.
24:00
í kvöld

HREYSTI hefur hafið samstarf við

THE PROTEIN WORKS

The Protein Works er breið vörulína af hágæða fæðuaukum með náttúrulegum litar- og bragðefnum á afar hagstæðu verði.

Innihalda engin þykkingar- eða fyllingarefni og allt sem er í vörunni kemur fram í innihaldslýsingu.

Breyttir tímar í sölu á hágæða fæðubótarefnum - Lægra verð

Whey protein smoothie
500 g . 3.999 kr.
1 kg - 6.999 kr.
Aðeins 99 kaloríur og
alvöru ávaxtabitar



Whey protein 97
500 g. kr. 3.699.-
1 kg. kr. 6.999.-
Frábær kostur fyrir
lágkolvetna mataræði o.fl.



Hnetusmjör
1kg - 1.799 kr.
100% hnetur engin aukaefni



Total Mass Matrix
2 kg. kr. 6.999.-



Lífræn kókosolía
460 g - 2.999 kr.
Frábær m.a. í lágkolvetnafæði




Kreatin monohydrate
250 g. kr. 1.299.-
500 g. kr. 1.999.-

Prótein pönnukökumix
1 kg - 3.999 kr.
Frábær morgunmat



Whey protein 80
7 bragðteg.
500 g. kr. 2.999-
1. kg. kr. 4.999.-
2 kg. kr. 7.999.-



Super Greens
100 g - 2.499 kr.
Ofurfæða full af andoxunarefnum
og vítamínum



Naked Whey protein
1 kg - 5.999 kr.
Aðeins náttúruleg innihaldsefni

15%

af öllum fæðubótar-
efnum frá
Maximuscle, Multipower,
Phd og EAS
Aðeins
til kl. 24:00

25-50%

afsláttur af
yöldum
fæðubótarefnum

**KOMDU OG GERÐU
FRÁBÆR KAUP!**

Opið til miðnættis í kvöld!

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

NETSÍÐA: WWW.HREYSTI.IS

OPIÐ MÁN - FÖST. 10:00 - 18:00 - LAUGARD. 11:00 - 15:00



1 Fyrsta formlega fegurðarsamkeppnin hér á landi fór fram árið 1930. Sígarettuframleiðandinn Teofani stóð fyrir keppninni en myndir af stúlkunum sem tóku þátt fylgdu með Teofani sígarettuþökkum. Um 50 konur tóku þátt en keppendur voru bæði táningsstúlkur, húsmæður á sjötugsaldri og allt þar á milli.




Tilbrigði við fegurð

Fegurðarsamkeppnir eru sérkennilegt fyrirbæri sem á sér langa sögu hér á landi. **Monitor** skyggndist inn í fortíðina og tók saman nokkrar áhugaverðar staðreyndir um íslenskar fegurðarsamkeppnir.



2 1955 komu keppendur í Ungfrú Ísland í fyrsta sinn fram í sundfötum. Keppnin fór fram utandyra allt fram til 1961 og nokkrum sinnum eftir það.



3 Fyrsta fegurðarsamkeppni karla fór fram árið 1957 og var það Slysavarnadeildin Ingólfur sem stóð fyrir henni. Herra Ísland var þó ekki krýndur í fyrsta skipti fyrr en árið 1988. Kóróna þótti ekki viðeigandi í krýningunni og var því notast við áletraðan pípuhatt.


Sigurkórónan árið 1977 þótti svo lítilfjörleg að á elleftu stundu voru límdir á hana semelústeinar.



4 Á sjöunda áratugnum tíðkaðist að lesa upp þyngd, hæð og brjóstmál keppenda í Ungfrú Ísland þegar þær gengu sýningarpallinn en að auki voru birt mál af mitti þeirra, mjöðmum, ökkla og hálsi.



5 Árið 1972 mættu rauðsokkur með kvígu til mótmæla við Háskólabíó. Kvígan var kölluð Perla Fáfnisdóttir og skreytt með kórónu, skrautlegri skikkju og borða sem á stóð „Ungfrú Ísland“. Svo fór að lögreglan fjarlægði kvíguna og handtók bóndann sem átti hana.



7 Skoski popparinn Rod Stewart mætti á Fegurðarsamkeppni Íslands árið 1985. Hann stökk öllum að óvörum á svið með Björgvini Halldórssyni og söng þrjú lög. Þá tók hann einnig að sér að aðstoða við krýningarathöfnina.



Hólmfríður Karlsdóttir var í öðru sæti í fegurðarsamkeppni ársins 1985 en sigraði engu að síður í Miss World sama ár. Hófi sigraði í bláum palliettukjól sem Jórunn Karlsdóttir, móðir Unnar Steinsson saumaði en Berglind Johansen hafði klæðst kjólnum þegar hún var krýnd ungrú Ísland og Sif Sigfúsdóttir skartaði honum þegar hún hreppti titilinn ungrú Skandinavía. Unnur Birna Vilhjálmsdóttir, dóttir Unnar Steinsson, var svo krýnd ungrú Ísland árið 2005 í kjól hönnuðum af ömmu sinni en hún hlaut jafnframt titilinn Miss World í sama kjól.



9 Keppendur í herra Ísland árið 1989 voru að meðaltali 180 sentimetrar á hæð og 76,3 kíló að þyngd.

Árið 1992 fór fram fegurðarsamkeppni dragdrottninga, Ungfrú Alheimsþokki á skemmtistaðnum Moulin Rouge við Laugaveg. Sigurvegarinn var ísraelski keppandinn Barbra Shalom Pachalachafa, hún hafði sýnt hæfileika sína á sviði með því að sauma glæsilegt samkvæmisveski úr smokkum.



Árið 1998 var Díönu Dúu Helgadóttur vikið úr Fegurðarsamkeppni Íslands þegar í ljós kom að hún hafði setið fyrir á myndum fyrir Playboy. Hún fór með málið fyrir kærunefnd jafnréttismála enda hafði herra Ísland 1996, Þór Jósefsson, setið fyrir á erótískum myndum sem birtust í Bleikt og blátt. Kærunefndin dæmdi Fegurðarsamkeppni Íslands í vil.

Aðstandendur Ungfrú Ísland.is fengu sett tímabundið lögbann á heimildarmyndina í skóm drekans sem Hrönn Sveinsdóttir gerði um þátttöku sína í keppninni en sú var valin heimildarmynd ársins á Eddunni 2002.



VERÐLAUNAHAFAR OG VERÐLAUN Í GEGNUM TÍÐINA

- Teofani stúlkan **1930**, Hildur Grímsdóttir: 500 krónur.
- Blómádröttning Íslands **1952**, Heba Jónsdóttir: Ferðalag með Gullfossi um Norðurlöndin.
- Ungfrú Ísland **1954**, Ragna Ragnars: Vikuferð til Parísar og skotsilfur.
- Ungfrú Ísland **1957**, Bryndís Schram: Keppnisferð á Miss Universe í Los Angeles, tveir kjólar og skotsilfur.
- Fulltrúi ungu kynslóðarinnar **1968**, Soffía Wedholm: Þriggja mánaða námsdvöl í Englandi.
- Sam-stúlkan **1975**, Þórunn Stefánsdóttir: 250.000 krónur.
- Ungfrú Ísland **1979**, Kristín Bernharðsdóttir: Kokteílboð á skemmtistaðnum Hollywood.
- Ungfrú Ísland **1984**, Berglind Johansen: Demantshringur, sérsaumaður kjóll, kampavín, snyrtivörur, blóm og vasadískó.
- Ungfrú Ísland **1986**, Gígja Birgisdóttir: Demantshringur, sérsaumaður úlfapels og stór Gremlins-bangsi með pappakórónu.
- Miss World **1988**, Linda Pétursdóttir: 30.000 pund.
- Herra Ísland **1997**, Reynir Logi Ólafsson: Armbandsúr, fataúttektir, líkamsræktarkort og ljósakort.

Heimildir: Sæunn Ólafsdóttir, Brosað gegnum tárin, Almenna Bókafélagið, Reykjavík, 2005.

PLAYBOY



13 Manúela Ósk Harðardóttir vann Fegurðarsamkeppni Íslands árið 2002 í Versace-kjól sem boxarinn Mike Tyson hafði gefið henni en hann mun hafa séð hana í verslunarleiðangri í New York og heillast af fegurð hennar.



14 Ólafur Geir Jónsson var sviptur titlinum herra Ísland 2005. Hann fór í skaðabótamál gegn Fegurðarsamkeppni Íslands og fékk að endingu 500.000 krónur í miskabætur.



BORÐA DREKKA

TYGGJA

WRIGLEY'S
Extra



Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætufrnis í tyggigúmmii

Nauðsynlegt að fara út fyrir þægindahringinn

Tanja Ýr Ástþórsdóttir er Ungfrú Ísland 2013. Hún er auk þess verkfræðinemi í HR, stundar loftfimleika, „sörfar“ á brimbretti og á að baki farsælan feril í Counter-Strike.



Tanja Ýr telur mikilvægt að stíga út fyrir þægindahringinn og reynir að gera það sem oftast. Hún segir að Ungfrú Ísland reynslan hafi verið stórt stökk út úr þeim hring sem hafi kennt henni mikið og styrkt hana sem einstakling. Tanja ræddi við Monitor um áskoranir, áhugamál og þær gagnrýnisráddir sem hafa verið uppi um fegurðarsamkeppnir.

Texti: Hersir Aron
Myndir: Gollí

hersir@monitor.is
gollí@mbl.is

Til að byrja með, hvers vegna ákvaðst þú að taka þátt í Ungfrú Ísland?

Þetta byrjaði á því að einhver vinkona eða fjölskyldu-medlimur skráði mig til leiks, ég veit hins vegar ekki ennþá hver. Upp frá því fékk ég símtal og ákvað bara að slá til og taka þátt. Ég hafði oft horft á þessar keppnir sjálf þegar ég var yngri, þælt mikið í kjólunum og svona en það hafði aldrei komið til greina áður að vera með. Ég spurði vini mína og ættingja áður en ég tók ákvörðun og þau studdu mig heils hugar. Ég hugsaði með mér að það væri spennandi að prófa þetta því ég var mjög feimin við svona hluti. Ég var mikið inni í mér og frekar lokuð og það má segja að þetta hafi bjargað mér algjörlega. Ég held að ég væri ekki sitjandi hérna í viðtali ef ég hefði ekki farið svona langt út fyrir þægindahringinn minn.

Hvernig hjálpaði þessi reynsla þér að komast yfir feimnina?

Ég fór út fyrir þægindahringinn minn strax á fyrstu æfingu, bara það að þurfa að labba fyrir framan stelpurnar og þjálfarann fannst mér mjög erfitt. Svíðsframkoma og allt tengt því var eitthvað sem mér fannst óþægilegt til að byrja með en hjálpaði mér að stækka hringinn til lengdar.

Áhugavert svar, það sem maður heyrir yfirleitt er að þetta sé „svo mikið tækifæri“, en aldrei almennilega í hverju þetta tækifæri felst.

Já, tækifærið fyrir mig fólst í því að stíga út fyrir minn þægindahring. Ef maður er alltaf inni í honum þá kemst maður aldrei neitt lengra og lærir aldrei meira. Ég þekki mig mun betur en ég gerði og hef lært meira á sjálfa mig eftir að ég tók þátt.

Hvenær var undirbúningsferlið?

Það byrjaði fimm vikum fyrir keppni. Við fórum í einkaþjálfun hjá Heiðu í Worlds Class, fengum fræðslu frá Friðu næringarfræðingi, fórum á gönguæfingar o.s.frv. Síðustu tvær vikurnar fyrir keppni fór þetta svo allt á fullt og þá var mest að gera. Þetta var mjög góð reynsla og ég lærði mikið á þessu.

Klassísk dagurinn minn var þannig að ég vaknaði yfirleitt klukkan sex. Ég fór í ræktina, kom síðan heim, eldaði fyrir daginn og gerði allt klárt fyrir skólann. Í skólanum reyndi ég að nýta lausa tíma í að læra heima og hitta vini mína. Ég hafði svo alltaf einhvern lausan tíma eftir skóla áður en ég fór á æfingu. Eftir æfingar fór ég bara beint heim að sofa. Svefn skiptir mjög miklu máli og mér finnst ótrúlega þægilegt að sofa mikið.

Var gerð einhver krafa um að mataræði og ræktarferðir?

Það var engin krafa sett á okkur um neitt, nema þá að það var kannski illa séð að mæta ekki á gönguæfingar, enda getur skemmt fyrir öllum ef það er ekki rétt samstillt. En það var annars engin önnur krafa og engin pressa sett á okkur af neinum.

Nú sér maður oft dramatískar lýsingar um að stelpurnar verði „allar bestu vinkonur“ í svona keppnum, er eitthvað til í þessu?

Í alvörunni talað þá var þetta ótrúlega góður hópur og þetta voru allt saman yndislegar stelpur. Við vorum allar mjög feimnar til að byrja með en urðum mjög nánar strax eftir fyrstu æfingarnar. Síðan voru sumar stelpur þarna sem ég tengdi mjög vel við og eru klárlega framtíðar vinkonur. Það var góð stemning og ég fann ekki fyrir neinum ríggis eða málum.

Að öðru, nú er nokkuð augljóslega meira í þig spunnid heldur en bara útlitið, hvers vegna ákveður þú að taka þátt í keppni sem byggist fyrst og fremst á útlitskröfum og litlu öðru?

Þessi keppni byggist á miklu fleiri þáttum en bara útliti. Maður þarf auðvitað að rækta líkama og sál og vera með heilbriggt útlit, en það er ekki útlitið eitt og sér sem skiptir máli. Þú getur ekki bara farið í keppnina úti og verið sæt, maður þarf að geta verið góður fulltrúi fyrir Íslands hönd.

Nú var einmitt sagt í byrjun að það væri engin staðalmynd sem þyrfti að fylgja þannig að mikið af fólki greip þetta á lofti og skráði sig. Voru einhverjir staðlar og reglur eftir allt?

Hér á Íslandi er auðvitað verið að keppa þannig að maður geti síðan farið í keppnina úti sem fulltrúi Íslands. Í Miss World eru ákveðnar reglur og keppendurnir hérna heima eru bara settir í það box sem þarf til þess að uppfylla þær. Hins vegar eru auðvitað engar reglur um hæð og lögun, lengd á augnabrunum o.s.frv.

Árið 2009 þurftu keppendur að skrifa undir mjög umdeildan samning, þurftuð þið að skrifa undir einhver skjöl?

Nei, það var enginn samningur í ár. Ég fór bara þangað og var þarna og hefði í rauninni getað gengið út þegar ég vildi.

Finnst þér að það mætti breyta keppninni að einhverju leyti þannig að hún sé meira í takt við tímann?

Ég skil aldrei þegar fólk talar um þetta „í takt við tímann“, þetta er eins og það væri ekki í takt við tímann að keppa í fótbolta vegna þess að það hefur verið gert svo lengi og er þess vegna orðið úrelt. Þetta þróast bara með okkur eins og allt annað. Þessi keppni er náttúrulega í sama formi og þær eru alls staðar annars staðar þannig að ég held að hún sé alveg í takt við tímann sem slík.

Keppnin var ekki í sjónvarpinu í ár, fannst þér það breyta einhverju?

Ég held að það hafi bara verið skemmtileg tilbreyting. Þá varð þetta meira „show“ fyrir áhorfendur frekar en að allir væru að þæla í myndavélunum og haga sér í takt við þær. Maður var frjálslægri og mátti bara gera það sem mann langaði að gera.

Þjóna fegurðarsamkeppnir einhverjum samt einhverjum tilgangi öðrum en að vera bara skemmtun eitt kvöld? Þýður þetta upp á fleiri tækifæri?

Tækifærið sem ég sé helst í þessu er að núna er mjög mikið fjallað um mig og ég fæ mikla athygli sem Ungfrú Ísland. Þetta er gott tækifæri fyrir mig til þess að láta gott af mér leiða og það er miklu meira heldur en bara eitt kvöld og eitt „show“. Ég get gert hvað sem ég vil við þennan titil, það er enginn samningur og ekkert fast þannig að ég get notað þetta alveg eins og mér sýnist. Úti í Miss World er þetta til dæmis miklu meira prógramm, hæfileikakeppni og mikið að gerast þannig að þetta snýst ekki bara um þetta eina labb á bikini.

Hvað myndir þú vilja gera til þess að láta gott af þér leiða?

Það er ótrúlega margt sem mig langar að gera, eitt sem kemur fyrst upp í hugann er að fara út í umræðu um einelti og hvernig er hægt að berjast gegn því. Einelti er til í mjög mörgum gerðum, ekki bara á skólalóðinni.

Nú er ég eflaust orðin fyrirmynd einhverra ungra stúlkna og þær hlusta á það sem maður er að segja. Maður er ekkert alltaf til í að hlusta á það sem mamma segir manni, en ef það er einhver svona karakter sem maður lítur upp til þá er maður kannski móttækilegri fyrir því sem kemur þaðan.

Maður sér fyrir sér að kommentakerfin séu alveg logandi eftir svona umdeilda keppni. Hefur þú fundið fyrir einhverju neikvæðu umtali um þig síðustu daga?

Nei, sem betur fer ekki. Ég reyni alveg að líta framhjá svona kommentakerfis umræðum, maður hefur ekkert gott af því að lesa þetta og það gerir voða lítið fyrir mann. Málið er líka að maður man alltaf það versta, en það kemur alltaf gott umtal upp á móti og maður þarf að læra að horfa á björtu hliðarnar frekar en allt hitt.

Hvað myndir þú gera í hæfileikakeppninni í Miss World? Ertu með einhvern bilaðan hæfileika sem þú gætir komið á framfæri?

Úff, ég er kannski ekki búin að hugsa það langt, en ég er til dæmis í loftfímleikum svo það væri hægt að gera eitthvað úr því.

Hvernig datt þér í hug að byrja í loftfímleikum?

Ég sá bara myndir af því, komst að því að Sirkus Íslands var að kenna þetta og ákvað að prófa. Ég byrjaði bara nýlega og hef enga reynslu af fímleikum svo ég er eiginlega alveg á byrjunarreit. Ég „sörfa“ líka og finnst það ótrúlega gaman. Ef mig langar að prófa eitthvað þá hendi ég mér bara út í það og þarf ekki að láta draga mig neitt. Þess vegna fer ég einhvern veginn ein í mjög margt sem ég geri.

Hvers vegna ertu í svona jaðarsportum? Ertu nett klíkkuð?

Ég er mjög lofthrédd og alveg skíthrédd við sjóinn. Ég stend oft lengi og horfi á hann áður en ég fer út í. Ég reyni alltaf að fara út fyrir minn þægindahring og tekst ágætlega á við þennan ótta með því að sörfra og stunda loftfímleika. Þetta er eins með Ungfrú Ísland, þáttakan þar var stórt stökk út fyrir þægindahringinn en það skilaði sér líka.

Munum við sjá Ungfrú Íslands stunda loftfímleika í nýja sirkustjaldinu í komandi framtíð?

(Hlær) Það er aldrei að vita, gæti bara vel verið!

Eru einhverjir fleiri skrytnir hlutir sem þú stundar?

Ég og besta vinkona mín spiluðum Counter Strike mikið á sínum tíma, og ég tók meðal annars þátt í tveimur LAN mótum.

Hvar hefur þú alist upp í gegnum tíðina?

Ég ólst upp í Seljahverfinu og var í Seljaskóla. Sextán ára flutti ég síðan í Langholtshverfið og fór á eðlisfræðibraut í MS. Eftir að ég útskrifaðist þaðan tók ég mér svo eitt ár í frí og flutti til Spánar í fjóra mánuði með vinkonu minni. Þar kynntumst við stórum hóp af krökkum og það var ótrúlega gaman. Síðan fór ég til Englands í einhvern tíma og var svo að vinna restina af vetrinum. Þetta var rosalega góður pásútími og mér fannst mjög gott að taka mér smá frí. Það fá líka margir skólaleiða og það er betra að taka hann út þarna heldur en í miðju háskólanámi.

Ég reyni að passa mig að horfa ekki á fólk í gegnum einhvern ákveðinn ramma.

Hvað langar þig til þess að verða „þegar þú verður stór“? Mun þessi titill eitthvað spila inn í þín framtíðarplön?

Þetta er örugglega reynsla sem mun nýtast mér samhliða því sem mig langar að gera, mann langar auðvitað alltaf að gera ótrúlega margt. Hins vegar er ég að læra fjármálaverkfræði og í framtíðinni lagnar mig til þess að vinna í banka eða jafnvel reka mitt eigið fyrirtæki.

Heldur þú að þú munir einhvern tímann sjá eftir að hafa tekið þátt í keppninni?

Nei alls ekki, ég sé ekki hvers vegna ég ætti að sjá eftir hlutum sem ég læri af og byggja mig upp. Síðan er það samt oft þannig að hugsunarhátturinn breytist hjá manni í gegnum tíðna. Þegar ég var fimmtán ára hugsaði ég á ákveðinn hátt, en síðan allt öðruvísi þegar ég var átján ára og þegar maður verður sjötugur er maður kominn í enn einn girinn. Ég tek þessa ákvörðun á því stigi sem ég er núna, en svo lengi sem þetta gerir gagn fyrir mig þá sé ég ekki hverju ég ætti að sjá eftir.

Mér finnst framtíðardraumarnir ekki alveg vera í takt við það sem þú ert að gera, þú ert að sörfra og stunda loftfímleika en hefur áhuga á að vinna í banka. Finnst þér þetta ekkert skrytinn samblanda?

Það hljómar kannski þannig en maður á ekkert að einblína á eitthvað eitt. Ég reyni að passa mig að horfa ekki á fólk í gegnum einhvern ákveðinn ramma. Það er svo auðvelt að skipta fólki niður í blaðamenn, bankafólk, feegurðardrottningar o.s.frv. Fólk er hins vegar með miklu fleiri eiginleika heldur en þessir flokkar gefa til kynna og þú getur alveg fallið inn í marga þeirra á sama tíma.

Nú er einhver angi femínista sem dæmir þig fyrir að taka þátt í ungrú Ísland, myndir þú segja að þú værir femínisti?

Femínistar eru auðvitað eins misjafnir og þeir eru margir og það er ekki hægt að láta þá alla í einn flokk. Ég er að sjálfsögðu femínisti að mörgu leyti og vil að fólk sem fæðist geti búist við því að hljóta sömu réttindi til alls óháð kyni. Svo eru líka til femínistar sem gera grín að manni fyrir að taka þátt í keppnum eins og Ungfrú Ísland og mér finnst það ótrúlega skrytið. Þeir sem aðhyllast kvenfrelsi hljóta að vera sáttir við það að ég taki þátt í feegurðarsamkeppni svo lengi sem ég vil það sjálf. Aðrir ákveða síðan hvað þeir gera.

Þegar þessir femínistar gera lítið ur keppninni og keppendum þá eru þeir sjálfir að vinna gegn ímynd kvenna með því að hlutgera og gera lítið úr stelpunum. Þetta leiðir til þess að þeir búa sjálfir til þessa staðalímynd sem þeir eru að mótmæla.

Snertir það þig eitthvað að það sé verið að gera grín að keppendum í Ungfrú Ísland, hefur þú orðið mikið vör við það?

Já, ég hef tekið eftir því en það snertir mig ekkert sérstaklega. Mér finnst samt skrytið að það sé gert grín að mér fyrir að taka þátt, þetta er algjörlega mitt val og mín ákvörðun. Ég tek þátt af því að mig langar til þess og finnst þetta skemmtilegt og maður á bara að fylgja því eftir.

Nú beinist gagnrýnin mikið að því að svona keppnir séu til þess gerðar að staðfesta að sumir séu fallettri en aðrir, hvað finnst þér um þetta?

Mér finnst enginn aðili beint vera fallettri en annar. Maður þarf alltaf að horfa á heildarmyndina, það er svo

TANJA Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 090292

Morgunmat: Lucky charms

Uppáhalds lauktegund: Rauðlaukur

Versti ótti: Að vakna með könguló í andlittinu

Æskuátrúnaðargöb: Ég leit alltaf mjög

mikið upp til mömmu, og geri enn.



Síðasta sem ég...

Síðasta ferð sem ég fór í: Tenerife

Síðasti hlutur sem ég keypti mér: Kjóll

Síðasta mynd sem ég horfði á: 2 guns

Síðasta markmið sem ég setti mér: Láta gott af mér leiða.

margt sem spilar inn í og ég hef alltaf séð þetta þannig. Mér finnst ég til dæmis ekkert vera fallettri en neinn annar þó ég sé Ungfrú Ísland.

Það er samt staðreynd að það komast ekki allir að í keppni eins og Ungfrú Ísland, sama hvað þeir eru duglegir og fallettri að innan. Finnst þér þessi keppni ekki setja óþægilegan þrýsting á þá sem einfaldlega eiga ekki séns?

Ef þú horfir yfir hópinn sem var að keppa þá sérðu að við erum allar mjög ólíka. Við erum ólíkir persónuleikar, mismunandi byggðar, misháar o.s.frv., þannig að þetta er ekkert fast mót sem þú þarft að vera í að mínu mati.

Finnst þér semsagt þirrandi að þurfa að keppa með lágvöxnum stelpum?

(Hlær) Nei alls ekki, þvert á móti!

Þjóst þú við því að vinna þegar þú ákvaðst að taka þátt? Fannst þér það raunhæfur möguleiki?

Alls ekki, en auðvitað langaði mann til þess og þegar mann langar í eitthvað þá reynir maður allt til að fá það. Þetta kom mér samt ótrúlega mikið á óvart. Ég var líka sú eina sem missti af krýninga-ræfingunni sem hafði farið fram fyrir um daginn þannig að ég stóð þarna stjörf í algjöru sjokki og vissi ekkert hvað ég átti að gera þegar úrslitin voru tilkynnt. Ég sá síðan mynd af mér sitja í stólnum eftir á og ég hef aldrei séð mig brosa jafn stórt. Ég var samt í svo miklu sjokki að ég man eiginlega ekkert eftir þessu.

Ég var með bros út að eyrum allt kvöldið sem hefur varla farið af mér.

Brostir þú í gegnum tárin eftir sigurinn?

Ég brást við sigrinum með brosi. Eg varð bara stjörf og svo glöð og var með bros út að eyrum allt kvöldið sem hefur varla farið af mér

Hvers vegna vannst þú? Hvað þarf maður að gera til þess að vinna Ungfrú Ísland?

Mér fannst ég standa mig vel á æfingum, ég mætti vel og sýndi að ég hefði áhuga á þessu og langaði þetta ótrúlega mikið. Síðan er líka litið á heildarmyndina, hvort manneskjan sé með gott hjarta og góð fyrirmynd. Þú þarft að vera góður fulltrúi Íslands úti í heimi og virka vel út á við.

Ég fór í dómara viðtal þar sem við ræddum um lífið mitt og það sem ég er að gera. Svo er samt skrítið hvernig fólk skilgreinir fyrirmynd. Fólk segir alltaf að fyrirmynd sé stelpa sem fer í skóla, nær honum, verður stúdent á réttum tíma o.s.frv. Þetta er svo ósanngjarn af því að það eru ekki allir í sömu aðstæðum og fá ekki allir sömu tækifæri til þess að fara í skóla. Það sem skiptir lang mestu máli er að vera með gott hjarta og vera góður að innan, það er tækifæri sem allir fá.

Er sérstakt dómblað? Fékkst þú tíu stig fyrir að vera skemmtileg, sjö fyrir að vera sæt o.s.frv.?

(Hlær) Nei, það held ég alveg örugglega ekki. Dómararnir voru kannski að punkta eitthvað niður sem þeim fannst. Þau eru hins vegar ekkert að segja „já þessi er ljót, þessi er sæt“. Þau eru frekar að skera bara úr um hver er flottur fulltrúi en horfa ekki á mann sem einhvern nautgrip.

Hvernig skiptist þessi dómaraþingur niður? Eru kynjahlutföllin í honum jöfn?

Nei, það kom mér svolítið á óvart að það voru fimm konur og einn karl. Sumir horfa á það þannig að það eigi ekki að vera karl að dæma konur á meðan öðrum finnst að hlutföllin eigi að vera jöfn. Ég sé þetta öðruvísi og held bara að við höfum öll ólíkar skoðanir sem einstaklingar alveg óháð kyni.

Herra Ísland dó út á tímum Óla Geirs, hvers vegna heldur þú að það hafi gerst? Finnst þér skrítnara að horfa á þá keppni heldur en Ungfrú Ísland?

Mér finnst það ekkert skrítnara, þetta er náttúrulega sama dæmi og nákvæmlega sömu staðalí-myndir þar. Strákar eru samt feimnari við svona hluti og það hefur alltaf verið þannig. Ég á marga góða strákavini, og þeir myndu kannski vilja gera eitthvað svona en þeir eru bara í þeim ramma að þetta er ekki eðlilegt og þess vegna leggja þeir ekki í að prófa. Ég held að það spili mikið inn í.

Nú ert þú orðin ákveðið „icon“. Hvernig verður framhaldið sem Ungfrú Ísland, en ekki bara Tanja í HR?

Það er auðvitað ótrúlega gaman að vera kannski orðin fyrirmynd ungra stúlkna. Ég vil helst einbeita mér að því sem fyrirmynd að vera bara ég sjálf, og að gleyma því ekki hver ég er þó ég hafi fengið einhvern titil.



ÝMISLEGT

Það skemmtilegasta sem ég geri: Að ferðast og upplifa nýja hluti
Það leiðinlegasta sem ég geri: Að vera eirðarlaus
Það erfiðasta sem ég hef gert: Þegar ég reif 50 kg upp í bekknum.
Mesta þyngd sem ég hef lyft í bekknum: 50 kg
Skrýtnasti einstaklingur sem ég þekki: Egill Fannar Halldórsson

UPPÁHALDS...

Kvikmynd: Skrímsli ehf og Harry Potter
Bók: Ríki þabbi fátæki þabbi
Staður: Sólarströnd og heilaga rúmið mitt
Matur: Mexíkóskur matur, Rauðlaukur
Ungfrú Ísland keppandi: Allar

ANNADHVORT EÐA

Hundar eða kettir: Hundar
Atvinnusörfari eða sirkuslistamaður: Sirkuslistamaður
Blaðlaukur eða hvítlaukur: Hvítlaukur
Fara í fangelsi í 10 ár eða í nunnu-klaustur í 20 ár: Nunnuklaustur í 20 ár



Allt fyrir svefnherbergið

Rúm | Sængurver | Springdýnur | Púðar og rúmteppi | Kistur og náttborð
Gaflar | Heilsukoddar | Dýnuhlífar og lök | Fylgihlutir



Íslensk
hönnun

RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

www.rbrum.is | [rum@rbrum.is](https://www.instagram.com/rum@rbrum.is) | erum á **facebook**

Opið alla virka daga frá kl. 09.00–18.00, laugardaga 10.00–14.00, sunnudaga lokað



Í **Rauða krossinum** má finna flíkur á verði sem flokkast undir gjöf en ekki gjald og með kaupunum styrkir maður gott málefni. Betra verður það ekki.



Falinn fjársjóður í Rauða krossinum

Það eina sem þarf að hafa í huga þegar versunarleiðangur í **Rauða krossinum** hefst er þolinmæði því það þarf að gefa sér tíma til að gramsa. Það streyma inn nýjar vörur daglega og því er gott að kíkja við sem oftast. Verslanir Rauða krossins er að finna á Laugavegi 12, Laugavegi 116, í Mjóddinni og á Strandgötu 24 í Hafnarfirði. **Stíllinn** kíkti í verslunina á Laugavegi 12 og leyndust þar miklar gersemar.



SKÓR: 2000 KR.
PILS: 2000 KR.
SKYRТА: 1200 KR.
PEYSA: 1800 KR.



PEYSA: 1800 KR.
JAKKI: 12.000 KR.



SAMFESTINGUR: 4000 KR.
BELTI: 500 KR.
SKÓR: 2000 KR.



JAKKI: 4500 KR.
SKYRТА: 2500 KR.
VESTI: 2200 KR.
BINDI: 1000 KR.

Italiano

Pizzeria

Italiano pizzeria gefur viðskiptavinum sínum kost á því að sjá hitaeiningafjölda af öllu sem er á matseðlinum

9" COMO MED HEILSUBOTNI **482 kkal**

Sósa, ostur, marineraður humar, hvítlaukur, chilli
Heilsubotn er 40% spelt, 20% heilhveiti og 20% hveiti

9" CALZONE (HÁLFMÁNI) **534 kkal**

Sósa, ostur, skinka, sveppir, piparostur, svartur pipar

9" TOSCANA **590 kkal**

Sósa, ostur, pepperoni, sveppir, ananas, svartar ólívur, hvítlaukur, rjómaostur, svartur pipar, oregano

Hádegis- eða kvöldmatur ætti að gefa 25-35% orkunnar yfir daginn sem samsvarar 524-735 kkal fyrir konur og 650-910 kkal fyrir karla.

30% afsláttur

af sóttum pizzum ef þú velur áleggð sjálf/ur

20% afsláttur

af sóttum pizzum af matseðli
(gildir ekki af Como og Parma)

italiano.is
55 12345

Hlíðasmára 15 – beint fyrir ofan
Smáralind - Erum í alfaraleið





ÞETTA PAR VAR MJÖG TÖFF, HANN Í GALLABUXUM VIÐ FÍNA SKYRTU OG HÚN Í SNJÓÞVEGNUM BUXUM OG MEÐ HOOPS SEM ERU AÐ KOMA STERKIR INN



ÞESSAR VORU MEÐ ALLT Á HREINU, Í HLYJUM OG FALLEGUM YFIRHÖFNUM EN EKKI Í DÚNÚLPU SEM ER EKKI EINS FÍNT



VOÐALEGA SÆTAR STÚLKUR MEÐ VIRKILEGA FALLEGA TREFLA SEM GERA MIKID FYRIR LÚKKID

Stíllinn

á Októberfest

Stíllinn lét sig ekki vanta á Októberfest síðustu helgi, þar var margt um manninn og um að gera að athuga hvers konar fatnaði ungmenni landsins klæðast á viðburði sem þessum. Áberandi var að fólk reyndi að ná jafnvæginu á milli þess að vera fínt og að klæða sig eftir veðri en við Íslendingar ættum að vera orðnir sérfræðingar í því. Stíllinn smelli nokkrum myndum af flottu fólki sem átti það sameiginlegt að ná þessu fullkomna jafnvægi.



ÁBERANDI MUNSTRUÐ PEYSA OG GALLASKYRTA INNAN UNDIR, FLOTT SAMAN.



SLAUFUR ERU SNILLD



SJÚKUR KÖGURJAKKI, FLOTTUR TREFILL OG FALLEGUR HVÍTUR JAKKI VIÐ BRÚNU HÚÐINA



ÞESSI TVÖ SKÁRU SIG ÚR FJÖLDANUM. TRYLLTUR LEOPARD-PELS OG HANN FLOTTUR FRÁ TOPPI TIL TÁAR



TÖFFARAR Í FLOTTUM JÖKKUM



SVÖRT KLASSISK KÁPA, EITTHVAÐ SEM ALLAR KONUR VERÐA AÐ EIGA Í FATASKÁPNUM



SÆTAR VINKONUR, FALLEGA MÁLADAR OG FLOTTAR Í TAUINU



ÖNNUR MEÐ HATT EN HIN MEÐ HÚFU SEM ER MÖST Í KULDANUM. SJALÍÐ ER EINNIG EINSTAKLEGA FALLEGT



KLASSISK KÖFLÓTT SKYRTA VIÐ FLOTTAN HERMANNAGRÆNAN JAKKA OG FLOTTUR LEDURJAKKI

Klárurum málið!

Tökum höndum saman og útrýmum mænusótt



Mænusótt, einnig þekkt sem lömunarveiki, er ólæknandi sjúkdómur sem örkuðlar börn og dregur jafnvel til dauða. Gríðarlegur árangur hefur hins vegar náðst í baráttunni gegn sjúkdómnum. Til að útrýma mænusótt á heimsvísu þarf að tryggja að öll börn fái bólusetningu.



til að gefa
10 bólusetningar
(250 kr)

Viltu vita meira?

Farðu inn á unicef.is/maenusott

unicef 

„Það er ekki okkar að dæma aðra“

Nazima Kristín Tamimi er 18 ára nemi við Fjölbrotaskólann í Breiðholti. Hún er alin upp við íslamstrú og finnst trúin fara ágætlega saman við hefðbundið líf íslensks unglings.

Heimili framhaldsskólástúlkunnar Nazimu Kristínar Tamimi er við fyrstu sýn afar venjulegt íslenskt heimili en þegar betur er að gáð minnir þó ýmislegt á að uppruni fjölskylduföðurins liggur í fjarlægum landi. Á stofuveggnum hangir stórt og fallegt veggteppi af Klettamoskunnni í Jerúsalem og við hlið teppisins er mynd sem lettrað er á með gylltum saumum hin ýmsu nöfn guðs á arabísku. Blaðamaður Monitor tyllti sér innan um þessar gersemar og ræddi við Nazimu um boð og bönn Kóransins, fordóma og hvernig það er að vera múslimsk táningsstúlka á Íslandi.

Texti: Anna Marsý annamarsy@monitor.is
Mynd: Eggert Jóhannesson eggert@mbl.is

Ef við byrjum á byrjuninni þá ert þú hálf-íslensk og hálf-palestínsk, ekki satt?

Jú, mamma er íslensk en pabbi er frá Palestínu. Hann ætlaði að fara í nám í Bandaríkjunum og stoppaði hér. Síðan flengdist hann hér, fór í nám, kynntist konu og stofnaði fjölskyldu.

Lítur þú á sjálfa þig sem Íslending?

Já.

Þið fjölskyldan eruð íslamstrúar og takið virkan þátt í starfi Félags múslima á Íslandi. Einnig er starfandi hér á landi félag sem kallast Menningarsetur múslima. Er einhver munur á þessum félögum?

Ég þekki það ekki mikið en mér skilst að þar sé tekið harðar á hlutunum og að þau iðki meiri bókstafstrú. Mamma mín og pabbi hafa alveg alið mig upp til að þekkja muninn á réttu og röngu en hlutunum hefur aldrei verið þvingað upp á mig. Ég veit auðvitað ekki fyrir víst hvernig þetta er hinum megin en mér er sagt að það sé strangara.

Myndir þú segja að þú sért trúuð?

Ég held ég sé meira trúuð en flestir Íslendingar. Ég hugsa alltaf um hvað er gott eða hvort ég sé að gera eitthvað slæmt sem guð myndi dæma.

Stundar þú einhverja beina trúaríðkun, með bænum til dæmis?

Við eigum að biðja fimm sinnum á dag. Ég reyndar geri það ekki en í



föstumánuðinum bið ég alltaf fimm sinnum á dag. Samkvæmt trúnni á maður líka ekki að drekka áfengi og ekki borða svínakjöt svo ég geri það ekki.

Í íslensku samfélagi kemstu varla hjá því að kynna fólk sem ekki er múslimar, skiptir það vinkonur þínar og vini einhverju máli að þú sért múslimi?

Þegar ég byrjaði í skóla var skólinn látinn vita af því að ég hefði aðrar hefðir og mætti ekki borða svínakjöt. Mamma hringdi líka alltaf þegar ég var að fara í afmæli og lét vita af því. Vinkonur mínar hafa síðan bara vanist þessu og finnst þetta bara venjulegt í dag. Ég á mikið fleiri kristna vini en múslimsku og þau skilja alveg allt sem ég geri, af hverju ég fasta og svoleiðis.

Þú drekkur ekki áfengi trúarinnar vegna, ferðu samt í parti?

Já, ég fer alveg í parti en ég hef minnkað það mikið af því mér finnst ekkert gaman að vera í kringum fólk sem er mjög fullt. Ég fór alveg á þjóðhátíð og allt en annars er ég oftast komin heim úr bænum í kringum eitt eða tvö.

Finnst þér einhver áberandi munur á þér og öðrum jafnöldrum þínum dagsdaglega.

Kannski klæðaburðurinn. Þó ég sé ekki með slæðu yfir hárinu þá er ég aldrei í mjög flegnum bolum eða stuttum þilsum eða buxum. Þú myndir aldrei sjá mig eða aðrar múslimkonur berleggiaðar í mínþilsi niðri í bæ. Ég er frekar meðvitúð um það. Bæði af því mér þykir óþægilegt að klæðast slíkum fötum og af því ég er alin upp við það að þetta (líkaminn) sé bara mitt. Annað fólk á ekki að horfa á mín brjóst eða slíkt.

Lítur þú þá niður á fólk sem drekkur og sýnir mikið hold?

Alls ekki með svínakjötið og áfengið sko. Hvað klæðaburðinn varðar myndi ég ekki segja að ég líti niður á það heldur skil ég bara ekki sjálf hvað þau eru að gera. Ef fólk horfir á mig með girndaraugum líður mér óþægilega og fyrir mér hlýtur öðrum að líða eins. Það er ekki þægilegt að fá einhver augnaráð hvort sem það er frá strákum eða stelpum.

Þú notar ekki slæðu nema þegar

þú ferð til Palestínu eða í bænahúsið, af hverju þurfa konur að nota slæðuna yfirhöfuð?

Það eru svo margir sem misskilja slæðuna. Hún hylur hárið og alveg upp í háls og það er til dæmis til þess að menn dáist ekki að hárinu þínu og til þess að konur verði ekki afbrýðisamar út í hvor aðra. Þú ert í rauninni að gera þetta fyrir manninn þinn og fjölskyldu þína sem eru þá þau einu sem fá að sjá þína fegurð. Mér finnst þetta frekar falleg þýðing á slæðunni, að þú sýnir þína fegurð þínu fólk og þurfir ekki að fá viðurkenningu frá öðrum.

En þú, ólíkt mörgum múslimakonum, hefur val.

Já, mér finnst mikilvægt að konur hafi þetta val. Í Frakklandi er búið að banna konum að ganga með slæður og mér finnst það vera eins og að banna fólk að ganga í gallabuxum. Það eru alveg til dæmi innan íslam, líkt og í öllum trúarbrögðum, þar sem konur eru kúgaðar en ég get ekki vitað hver er kúguð og hver ekki. Manni bregður svolítið við að sjá konu sem hylur allt nema augun en ég er ekki í neinu dómarasæti til að dæma um

Maður hefur alveg lent í því að sjá einhvern gaur og horfa óvart á rassinn á honum.

hvort hún er kúguð eða ekki. Maður á að hafa val og margar konur velja þetta. Það getur verið að ég byrji að nota slæðu seinna á lífsleiðinni en ég er ekki tilbúin til þess núna.

En ef konurnar eiga að vernda fegurðina fyrir fjölskyldur sínar, ættu karlmenn ekki að gera slíkt hið sama?

Jú, karlmenn í íslam eiga líka að vera siðsamlega klæddir. Þeir eiga til dæmis ekki að ganga um í hlýraból og stuttbuxum.

Finnst þér þú hafa öll sömu réttindi og bróðir þinn?

Já. Þegar maður fer í parti og svona

NAZIMA KRISTÍN TAMIMI

Fyrstu sex: 310195

Í morgunmat fékk ég mér: Skyr með bönunum.

Uppáhaldsfagjö mitt er: Sálfræði.

Lag sem er lýsandi fyrir líf mitt þessa

dagana: „Glow“ með Retro Stefson.

en frá fólki sem er eldra. Þegar ég var í Eyjum hitti ég strák sem sagði að ef moskan yrði byggð ætti að brenna hana strax. Maður tekur þetta ekkert nærri sér en maður heyrir þetta alveg. Manni þykir auðvitað leiðinlegt að vera dæmdur út frá einhverju sem einhver annar gerði eins og með tvíburaturnana.

Fyrst þú nefnir tvíburaturnana, hvernig áhrif hefur það á þig þegar þú heyrir af því að fólk fremji illvirki, hvort sem það eru sprengjuárásir eða nauðganir, í nafni íslam?

Þabbi hefur frætt mig mikið um trúna og hann segir að fólk sem fremji sjálfsmorðsprengjuárásir og slíkt séu oft ómenntaðir einstaklingar sem kunni ekki að lesa og skrifa og trúu bara því sem þeim er sagt. Þetta er bara ákveðin fáfræði þannig séð sem aðrir nýta sér. Auðvitað er til klikkað fólk innan íslam eins og alls staðar annars staðar. Þabbi varð fyrir ákveðnu aðkasti vegna tvíburaturnanna og okkur létti að vissu leyti þegar það kom í ljós að illvirkið í Útey var ekki framið af múslimum. Ég held að það sé mikið einblínt á það slæma en svo er trú þessara einstaklinga líka alltaf tekin fram. Það er aldrei sagt „tvítugur kristinn karlmaður gerði þetta“ en það er alltaf sagt „tvítugur múslimi“.

En hvað um það þegar konur eru grýttar til dauða í nafni íslam í löndum eins og Sádi-Arabíu?

Þeir eru auðvitað bókstafstrúar en ég held að það standi samt ekkert um að það megi grýta fólk í Kóraninum. Það er ekkert mennskt eða siðferðislegt að grýta manneskju eða jafnvel dýr til bana. Þetta eru öfgar og ég fordæmi þetta auðvitað. Það er samt svolítið leiðinlegt þegar fólk einblínir á eitt land eins og Sádi-Arabíu þar sem eru fátíðleg

ströng lög, konur mega ekki keyra eða ganga um án karlmanns til dæmis. Mér finnst að fólk megi aðeins líta á önnur ríki eins og Palestínu þar sem ég á frænku sem vinnur úti á meðan karlinn sinnir heimilinu og það er bara sjálfsagður hlutur.

Segðu mér aðeins frá föstumánuðinum, Ramadan. Borðið þið þá ekki neitt í heilan mánuð?

Ramadan færir alltaf með tunglinu sko og í ár minnst mig að þetta hafi verið í júlí. Þá vöknur við klukkan þrjú um nóttina til að fá okkur að borða og fyllum magann vel. Svo borðum við ekki neitt til níu eða hálf tíu um kvöldið, engan mat, ekkert vatn og öll lyf sem maður þarf að taka tekur maður á þeim tíma sem maður má borða. Ef maður er veikur, á blæðingum, með barn á brjósti eða ólétt þá má maður ekki fasta. Þetta er alveg erfitt en ef ég geri þetta ekki finnst mér ég vera að svikjast um. Ég hef alveg efast en trúin er bara svo mikið meiri en þessi efi.

Ég get ekki vitað hver er kúguð og hver ekki

Hvað gefur trúin þér sem er svona mikilvægt?

Mér finnst svo góð trúin á að maður fari til himnaríkis, að maður fari á einhvern annan stað frekar en að vera bara á jörðinni og búið. Svo vissan um að það sé eitthvað meira eftir þetta líf fær mig til að halda í trúna.

Á Rúv í sumar lét imam Menn-ingarseturs múslima falla þau

orð að samkynhneigð ýtti undir rán á börnum. Í kjölfarið sendi Félag múslima á Íslandi frá sér yfirlýsingu þar sem orð hans voru hörmuð og sögð í engu samræmi við íslam. Hver er þín afstaða gagnvart samkynhneigð?

Mér varst furðulegt að hann segði þetta svona því hann hlaut að vita hvaða viðbrögð það myndi kalla fram. Ég held að í flestum trúarbrögðum sé lítið á samkynhneigð sem synd en eins og ég segi þá er það ekki okkar að dæma aðra. Ég hef engan rétt til að segja að nokkur sé verri en annar bara af því að viðkomandi laðast að sama kyni. Það er guðs að dæma, ekki okkar.

Hvað með kynlíf fyrir hjónaband? Stunda ungir íslenskir múslimar kynlíf fyrir hjónaband?

Það er líka synd samkvæmt íslam og jú, ef þú stundar kynlíf fyrir hjónaband ertu að brjóta einhver boð en ég held það vegi upp á móti ef þú ert góð manneskja. Þegar kemur að dómsdegi biðst maður fyrirgefningar á því sem maður hefur gert rangt og þá er manni fyrirgefið því guð er miskunnssamur. Ég held að það sé bara mismunandi hvað fólk gerir, ég held að sumir biði en aðrir ekki.

Þú átt kærasta ekki satt, er hann múslimi?

Já, hann er bara trúleysingi ef eitthvað er en ég hef aðeins reynt að plata hann yfir (hlær). Hann hefur aldrei sagt neitt um að honum þyki þetta skritið og við höfum alveg rætt það að ef við myndum flytja inn saman þá yrði ekkert svínakjöt á okkar heimili. Hann samþykkir það alveg og virðir það. Hann getur bara fengið sér pulsu úti í sjoppu þú veist. Fjölskyldan hans er líka mjög áhugasöm um þetta og þegar mér er boðið í mat þá passa þau að það sé ekkert svínakjöt á boðstólnum.

er auðvitað þulið yfir manni „passaðu þig á þessu og þessu“ en ég er alveg viss um að mamma hefur líka sagt bróður mínum að passa sig á hlutum. Ég held að þetta sé bara eðlilegt með stelpur, svo er ég líka yngsta barn og það er kannski aðeins meiri bómull í kringum mig. Fyrir fjölskyldunni minni er mjög mikilvægt að ég mennti mig og mér er nánast ýtt út um dyrnar á hverjum morgni svo ég drulli mér í skólann.

Í moskum eru aðskildir inngangar fyrir karlmenn og konur og aðskild svæði þar sem konur og karlar mega vera í moskum. Er þessi skipting eitthvað sem þú telur mikilvægt?

Það er mikið af konum sem vilja vera sér. Maður er náttúrulega að beygja sig og svona og maður vill ekkert hafa karlmenn fyrir aftan sig að horfa á rassinn á sér (hlær). Í nýju moskunni held ég að það verði sami inngangur og að ég megi vera með körlunum ef ég vil og að ef ég vilji megi ég vera á kvennasvæðinu. Ég veit ekki hvernig þetta verður sett upp en þetta verður alveg í sama herberginu þó það verði

kannski skilrúm. Í bænahúsinu okkar er smá svona afmarkað horn en það eru komnar fleiri konur og þetta er orðið svolítið þröngt þannig að við þurfum að færa okkur út á meðal karlanna. Það eru yfirleitt sömu konurnar sem halda sig innan þessara marka af því þeim þykir hitt óþægilegt. Hvort sem maður er karl eða kona leita á mann saurugar hugsanir. Maður hefur alveg lent í því að sjá einhvern gaur og horfa óvart á rassinn á honum. Ég held það sé bara verið að varna gegn því með því að hafa kynin í aðskildum rýmum. Þá getur maður einbeitt sér algerlega að því sem maður er að gera.

Nýja moskan sem þú talar um hefur verið mikið í umræðunni síðastliðna mánuði. Hvernig hefur þú upplifað viðbrögð samfélagsins við fyrirhugaðri byggingu moskunnar?

Eins og ég upplifi það, bæði af kommentakerfinu og frá fólki úti í bæ, þá finnst mér yngra fólkið vera búið að fræðast mikið meira um ólíka menningarheima og vita hvað þau eru að segja. Þess vegna upplifi ég minni fordóma frá þeim heldur

Háskólanám erlendis

á sviði skapandi greina

ENGLAND • SKOTLAND • ÍTALÍA • SPÁNN

Nemum í alþjóðlegum fagháskólum gefst einstakt tækifæri til að kynnastrá hugmynda, með stefnum og straumum víða að úr heiminum.

Í boði er hagnýtt nám, sem sameinar frumkvæði, hugmyndir og tækni og er í góðum tengslum við alþjóðleg fyrirtæki.

Nemendur hafa aðgang að vel búnum rannsóknar- og vinnustofum og kennarar eru reyndir sérfræðingar á sínu sviði.

Háskólanám erlendis í hönnun, listum, miðlun, stjórnum, eða tísku opnar einnig möguleika á að hitta „rétta“ fólkið og komast áfram á alþjóðlegum markaði.

HALLDÓRA EYDÍS JÓNSDÓTTIR sýndi sína fyrstu skólinu á "The Fashion Footwear Association of New York" í des. 2011. „Fólk var mjög hrifin af básnum okkar. Það er ekki auðvelt að vera eitt af nýju merkjunum þarna, en ég skar mig úr og sumir göptu af undrun þegar þeir sáu hráefnið í skónum.“ Hönnun Halldóru, sem útskrifaðist úr skóhönnun, frá London College



of Fashion árið 2010 vakti mikla athygli og tilboð hafa streymt til hennar eftir sýninguna. Henni hefur meðal annars verið boðið að að vera ein af hönnuðum sem sýna á næstu Kvikmyndahátíð í Cannes, auk þess að vera í hópi 25 sjálfstæðra skóhönnuða, sem sýna á "New York Fashion Week" á næsta ári. Sjá nánar: www.halldora.com

SVALAR STAÐREYNDIR UM RIDDICK

• Vin Diesel samþykkti cameo-hlutverk sitt í Tokyo Drift gegn því að eignast réttinn hjá Universal á Riddick karaktærum. Augljóslega er manninum afar annnt um hann.

• Diesel hefur unnið með leikstjóranum David Twohy að öllum Riddick-myndunum ásamt einnig anime-stuttmyndinni Dark Fury, sem brúar aðeins bilið á milli Pitch Black og Chronicles.

• Riddick var gerð fyrir 40 milljónir dollara og hluti af þeim peningi kom frá Diesel sjálfum, sem í mörg ár hafði ætlað sér að gera þennan kafla.

• Katee Sackhoff, úr Battlestar Galactica, sést aðeins ber að ofan í myndinni

• Vin Diesel veðsetti síðan meðal annars húsið sitt til að geta látið þessa kvikmynd verða að veruleika.



skjámenning

„She's in love with the beast!"
Beauty and the Beast



FRUMSÝNING HELGARINNAR

Google Nexus 7 á frábæru tilboði

Öflugur snjallsími á einstöku tilboðsverði. Skoðuðu Nexus 7 í næstu verslun Vodafone.

Góð samskipti bæta lífið

vodafone.is

Google Nexus 7
Tilboðsverð 64.990 kr.
Afhent 19.990 kr.

Riddick

Riddick, hinn ósigrandi vígamaður frá Furya, snýr aftur í þriðju mynd leikstjórans Davids Towhy um kappann og ættu þeir sem kunna að meta geimævintýri með miklum hasar og látum fá hér stútfullan pakka. Riddick fæddist á plánetunni Furya og er sá eini sem lifir af karlkyni sinnar tegundar eftir að hinn illi Zhylaw hafði látið myrða alla kynbræður hans þegar því var spáð að einhver þeirra myndi að

lokum velta honum úr sessi. Síðan þá hefur Riddick verið á stanslausum flóttu undan vígamönnum og hausaveiðurum. Í þeim átökum hefur Riddick margoft verið talinn dauður en alltaf lifað af enda býr hann yfir ýmsum óvenjulegum hæfileikum. Enn á ný hefur Riddick verið svikinn og skilinn eftir til að deyja á eyðilegri plánetu þar sem alls kyns geimskrímsli ráða lögum og lofum. Ekki líður á löngu þar til

Leikstjóri: David Twohy
Aðalhlutverk: Vin Diesel, Karl Urban, Katee Sackhoff, Nolan Gerard Funk, Dave Bautista og Bookeem Woodbine
Bíó: Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík, og Smárabíó
Aldurstakmark: 16 ára

hausaveiðararnir ásamt óvini úr fortíðinni mæta á svæðið og Riddick þarf að sýna mátt sinn og megin í baráttunni fyrir lífnu.

ORIGINALS
WASHED & REWASHED

JAKKI 13.900

JACK & JONES®
KRINGLAN / SMÁRALIND

VILTU VINNA MIÐA?

facebook.com/monitorbladið

TÖLVULEIKUR

Grand Theft Auto V

TEGUND: Hasarleikur
PEGI merking: 18+
Útgefandi: Rockstar

Dómar:
9 af 10 – Eurogamer.net
10 af 10 – IGN.com
9 af 10 – Gamespot

Glæpsamlega góður

Þá er dýrasti og metnaðarfullsti tölvuleikur allra tíma mættur á göturnar, en ég er að tala um Grand Theft Auto V. Biðin eftir þessum hefur verið erfið, en er nú loks á enda og þá hangir bara spurningin í loftinu... Var hún þess virði?

Í fyrsta skipti í sögu GTA seríunnar geta leikmenn nú stýrt fleiri en einni sögupersónu, en í leiknum eru þrjár aðalpersónur sem leiddar eru saman í gegnum glæpi og þurfa að standa þétt saman til að keyra í gang einhver stærstu rán sögunnar. Leikurinn gerist í stórborginni Los Santos, en hún er eftirlíking Los Angeles. Leikmenn geta vaðið um alla borgina og umhverfið þar í kring, en heildarsvæði leiksins er þrisvar sinnum stærra en það var í GTA IV leiknum.

Spilun GTA V er svipuð því sem við þekkjum úr fyrri leikjum, en hér geta leikmenn keyrt allskyns farartæki, hlaupið um fótgangandi, skotið úr hinum ýmsu vopnum og dottið í að leysa verkefni sem eru jafn fjölbreytt og þau eru mörg. Við hefðbundna spilun bætist við að nú geta leikmenn synt og kafað og er hellingur að gerast neðansjár í leiknum, en þetta bætir leikinn enn meira.

Skotleikjahluti leiksins hefur verið bættr töluvert og sama má segja um stýringu farartækja og




greinilegt að Rockstar fyrirtækið hefur tekið við kvörtunum leikmanna og bætt leikinn í takt við það.

Auk þess að leysa hin ýmsu verkefni eru í leiknum nokkur risastór rán sem leikmenn þurfa að fremja, en hvert rán þarfnast mikillar skipulagningar. Leikmenn þurfa að ákveða aðferð við ránið, velja mannskap, redda græjum og fremja svo sjálf ránið. Í hverju ráni þurfa leikmenn að skipta á milli persóna og nýta hæfileika hvarrar þeirra til að leysa verkefnið. Grafíkin í GTA V er stórgóð, borgin lítur stórkostlega vel út og hreinlega ótrúlegt hvað Rockstar mönnum hefur tekist að henda inni leikinn. Talsetning er 100% og svo er tónlistinn hreinlega kaffi útaf fyrir sig, en í leiknum eru fjölmargar útvarpsstöðvar og geta allir fundið tónlist eða tal við sitt hæfi á þeim.

Ég fullyrði að GTA V sé einhver metnaðarfullst tölvuleikur sem gerður hefur verið og sýnir svo um munar hversu mikið hægt er að gera ef metnaði og helling af pening er beint í réttar áttir.





PIYON / SIA



ÞERRUM TÁRIN

903 1000 | 903 3000 | 903 5000

Í ár ætlar Á allra vörum að hjálpa þeim sem eiga við geðræn vandamál að stríða og safna fyrir nýrri geðgjörgæsludeild á Landspítalanum með aðstoð þjóðarinnar.

Með því að hringja í söfnunarnúmerin eða kaupa Á allra vörum gloss frá Dior leggur þú þitt á vogarskálarnar.

Nánar um átakið og upplýsingar um sölustaði á aallravorum.is og facebook.com/aallravorum.is




FITON

truenorth

Dior

cyam veflausnir

GASSI
STUDIO



TVENNU TILBOÐ

ÞÚ SÆKIR PIZZU OG STÓRAN SKAMMT AF BRAUÐSTÖNGUM
OG FÆRÐ AÐRA PIZZU SÖMU STÆRÐAR AÐ AUKI.



VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!

📞 SÍMI 58 12345 📱 DOMINO'S APP 🌐 WWW.DOMINOS.IS